

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 357. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 7. apríl 2022 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundur með skólastjóra til að ræða stjórnunarbreytingar í grunnskólanum næsta skólaár.
- 2) Fundargerð 331. fundar bæjarráðs, dags. 7. apríl 2022. Lögð fram á fundinum.
- 3) Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2021. Fyrri umræða. Endurskoðendur mæta á fundinn.
- 4) Fundargerð 159. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 5. apríl 2022.
- 5) Fundargerð 139. fundar hafnarstjórnar, dags. 29. mars 2022.
- 6) Fundargerð 64. stjórnarfundar Jeratúns ehf., dags. 30. mars 2022.
- 7) Bréf frá Guðrúnu Láru Pálmadóttur, dags. 31. mars 2022, varðandi bann við skotveiði í Krossavík.
- 8) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 25. mars 2022, varðandi viðmiðunarreglur um framlög til stjórn mála flokka.
- 9) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. mars 2022, varðandi átak um hringrásarhagkerfið.
- 10) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. mars 2022, varðandi innleiðingu barnaverndarlaga.
- 11) Minnispointar bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 5. apríl 2022**  
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

139. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn þriðjudaginn 29.03. 2022, kl. 20.30 í Félagsheimilinu Klifi Ólafsvík.

Mættir: Jón Bjarki Jónatansson formaður,  
Þóra Olsen,  
Heiðar Magnússon,  
Hallgrímur Á. Ottósson,  
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 12.01. 2022, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð 138. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 440 dags. 03.12. 2021, nr. 441 dags. 21.01. og nr. 442 dags. 18.02. 2022. Lagt fram til kynningar.
3. Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum hjá Höfnum Snæfellsbæjar. Hafnarstjóri kynnti áætlunina en hún er unnin í samræmi við reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum og reglugerð nr. 1201/2014 um gjalddöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum. Áætlunin samþykkt samhljóða.
4. Úttekt og greinig á fjárhagsstöðu íslenskra hafna árið 2020. Hafnarsjóri kynnti helstu atriði skýrslunnar. Lagt fram til kynningar.
5. Nýframkvæmda og viðhaldspörf íslenskra hafna tímabilið 2021 – 2031. Hafnarsjóri kynnti helstu atriði skýrslunnar. Lagt fram til kynningar.
6. Ársreikningur Hafnasambands Íslands árið 2021. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.25

Fundargerð ritaði: Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Jón Bjarki Jónatansson formaður  
Hallgrímur Á. Ottósson  
Heiðar Magnússon  
Þóra Olsen.  
Björn Arnaldsson hafnarstjóri

## Jeratún ehf. kt. 501203-2030

### Fundargerð

64. stjórnarfundur Jeratúns ehf.,  
haldinn miðvikudaginn 30. mars 2022, kl. 10:00 sem fjarfundur.

Mætt: Jakob Björgvin Jakobsson, formaður, Kristinn Jónasson, Björg Agústs dóttir, Sigurlaug R. Sævarsdóttir, framkvæmdastjóri og Pétur Hansson, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

**1. Ársreikningur 2021**

Ársreikningur ársins 2021 lagður fram. Pétur Hansson fór yfir og kynnti ársreikninginn.

Ársreikningur samþykktur samhljóða og verður sendur til rafrænnar undirskriftar.

**2. Greiðsluáætlun**

Lögð fram greiðsluáætlun næstu fjögurra ára.

Greiðsluáætlun staðfest.


**3. Önnur mál**


Umræður um endurgreiðslu hlutfjár til sveitarfélaganna að lokinni uppgreiðslu lána árið 2024.


Stefnt er að aðalfundi Jeratúns ehf. fimmtudaginn 19. maí, kl. 10:15. Stjórn stefnir einnig að fundi með forsvarsfólki FSN vegna viðhalds húsnæðis og lóðar og óskar eftir viðhaldsáætlun húsnæðis og lóðar fyrir árið 2022 og næstu fimm ára.


Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:00.

  
Kristinn Jónasson

  
Jakob Björgvin Jakobsson

  
Björg Agústs dóttir

  
Sigurlaug R. Sævarsdóttir

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar  
Klettsbúð 4  
360 Hellissandi

Hellissandi, 31. mars 2022

### **Erindi: Tillaga um bann við skotveiði í Krossavík**

Að gefnu tilefni setur undirrituð fram þá eindregnu ósk til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar að lagt verði bann við skotveiði í Krossavík við Hellissand.

Krossavík er náttúruparadís og útivistarsvæði, rétt við Þjóðgarðsmörkin, sem heimafólk og ferfætlingar nýta sér. Einnig er víkin sótt af gestum sem hér dvelja og eru komnir til að njóta okkar stórbrotnu náttúru. Nú er ný Þjóðgarðsmiðstöð að rísa á Hellissandi, í næsta nágrenni við víkina, og má búast við enn fleiri náttúruunnendum leggi þangað leið sína á næstu árum. Í Krossavík er einnig Hvítahús sem er aðsetur fyrir listamenn.


Listamönnum sem dvöldu í Hvítahúsi nýlega, brá mjög í brún þegar menn í felubúningum birtust í Krossavík og skutu endur í gömlu höfninni, en þar leita andfuglar gjarnan skjóls og vaðfuglar ætis. Undirrituð verður einnig reglulega vör við menn við skotveiðar á svæðinu. Mörgu fólki stafar ógn af byssum og er þetta verulega óþægileg upplifun fyrir mörg okkar.

Krossavík er mikilvægt búsvæði margra fuglategunda og áfangastaður fjölda fargesta vor og haust. Á svæðinu Krossavík-Brimnes er jafnan að finna 11-16 fuglategundir á hverjum tíma og er staðurinn einstaklega skemmtilegur til fuglaskoðunar vegna þessarar miklu fjölbreytni tegunda. Undirrituð gerir reglulega fuglatalningar á svæðinu og skráir á vefsíðuna ebird.com, svo gögn um þær eru til og aðgengileg. Síðastliðin tvö ár hefur samtals verið skráð 31 tegund fugla á svæðinu. Svæðið er einnig hluti af árlegri Vetrarfuglatalningu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Auk fugladýrðarinnar er algengt að sjá seli á veiðum nálægt ströndinni í Krossavík, en það er stórkostleg upplifun fyrir ferðamenn og náttúruunnendum. Þekkt er dýr verða varari um sig gagnvart fólki þar sem skotveiðar eru stundaðar.

Út frá ofangreindu gefur það auga leið að ótækt er að í Krossavík séu menn á ferð með byssur, skjótandi fugla og önnur dýr og vona ég því að brugðist verði jákvætt og skjótt við þessu erindi.

Virðingarfyllt,  
Guðrún Lára Pálmadóttir  
Hraunási 18  
360 Hellissandi



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 25. mars 2022

2203028SA KB

Málalykill: 01.03

### Efni: Viðmiðunarreglur um framlög til stjórnámálaflokka

Með vísan til 5. gr. 2. mgr. laga nr. 162/2006 með síðari breytingum hefur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga sett eftirfarandi viðmiðunarreglur:

Sveitarfélag skal veita stjórnámálasamtökum, sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið hið minnsta 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum, árleg fjárframlög til starfsemi sinnar. Gilda hér um ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 162/2006. Skal framlögum úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn. Miða skal við að greiða 189 kr. á hvern íbúa sem lögheimili á í sveitarfélaginu 1. janúar á ári hverju. Þessi fjárhæð tekur breytingum árlega miðað við vísitölu neysluverðs í október ár hvert og er grunnvísitalan 511,2 stig, m.v. október 2021.

Skilyrði úthlutunar framlaga er að viðkomandi stjórnámálasamtök hafi áður uppfyllt upplýsingaskyldu sína við ríkisendurskoðanda, sbr. 8. og 9. gr. laga um laga um fjármál stjórnámálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra nr. 162/2006.

Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar eru haldnar skal úthlutað helmingi árlegs framlags fyrir kosningar, en síðari helmingi að þeim loknum og þá í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum.

Reglur þessar eiga eingöngu við um þau sveitarfélög þar sem bundnar hlutfallskosningar til sveitarstjórna eru viðhafðar.

Um er að ræða viðmiðunarreglur og er sveitarfélögum í sjálfsvald sett hvort þau nýti sér þær.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 30. mars 2022

2112034SA KB  
Málalykill: 08.24


### Efni: Átak um Hringrásarhagkerfið

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 25. mars 2022 var fjallað um hagsmunagæslu sambandsins í úrgangsmálum og eftirfarandi bókað og samþykkt:

„Stjórn sambandsins fagnar því að átak um Hringrásarhagkerfið sé farið af stað og hvetur sveitarfélög til að nýta sér þá aðstoð sem í því felst. Það er skammur tími til stefnu til að innleiða nýjar kröfur um úrgangsstjórnun sveitarfélaga og mikilvægt að sveitarfélög horfi til frekara samstarfs um þau verkefni sem framundan eru.“


Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 30. mars 2022

2111020SA KB  
Málalykill: 02.31

### Efni: Innleiðing barnaverndarlaga

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 25. mars 2022 var lagt fram til kynningar meðfylgjandi bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðherra, dags. 25. febrúar 2022, varðandi gildistöku barnaverndarlaga.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:


*„Stjórnin lýsir ánægju með að ráðherra hefur fallist á að fresta gildistöku ákvæða í lögnum sem fjalla um barnaverndarþjónustu og umdæmisráð, en leggur jafnframt áherslu á að sá frestur sem veittur er nýtist til að skipuleggja fyrirkomulag umdæmisráða.“*

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og barnamálaráðherra  
Ásmundur Einar Daðason  
Sölvhólgötu 4  
150 Reykjavík

Reykjavík 25. febrúar 2022

2111020SA GB  
Málalykill: 02.31

### Efni: Erindi varðandi gildistöku barnaverndarlaga

Þann 13. júní sl. samþykkti Alþingi breytingar á barnaverndarlögum sem fela í sér grundvallarbreytingar á uppbyggingu barnaverndar innan sveitarfélaga. Með breytingunni voru barnaverndarnefndir lagðar niður í núverandi mynd og meginábyrgð daglegrar þjónustu barnaverndar falin barnaverndarþjónustu. Þá gera lögin ráð fyrir að settar verði á fót nýjar stjórnarsýslunefndir, umdæmisráð barnaverndar, sem fara með úrskurðarvald í ákveðnum barnaverndarnefndum á vettvangi sveitarfélaganna.

Breytingarnar fela í sér stóráukna samvinnu sveitarfélaga á sviði barnaverndar þar sem miðað er við að í umdæmi hvernar barnaverndarþjónustu og umdæmisráðs barnaverndar skuli vera í það minnsta 6.000 íbúar en til samanburðar var fyrra íbúamark 1500 íbúar. Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum er hægt að fá undanþágu frá íbúalágmarki varðandi barnaverndarþjónustu en engar slíkar undanþágur eru í boði fyrir umdæmisráð barnaverndar.

Gert er ráð fyrir að fyrrgreindar breytingar taki gildi 28. maí næstkomandi. Hugsunin með tímamarki gildistöku var í upphafi sú að breytingarnar gætu verið tilbúnar fyrir sveitarstjórnarkosningar sem fram fara 14. maí næstkomandi. Þó að almennt sé sátt um breytingarnar og þær taldar til þess fallnar að styrkja barnavernd þá er innleiðing svo umfangsmikilla breytinga flókin og tímafrek og hefur af ýmsum ástæðum gengið hægar en vonir stóðu til í upphafi. Kosningar til Alþingis, breytingar á skipan ráðuneyta með umfangsmiklum breytingar á málefnum barna í Stjórnarráðinu ásamt mikilli áherslu á innleiðingu nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021, með tilheyrandi breytingum á þeim stofnunum sem að verkefninu koma, hefur gert það að verkum að ráðuneytið hefur ekki haft tök á að veita þann stuðning við innleiðinguna sem æskilegt hefði verið.

Þá hefur heimsfaraldur Covid-19 haft áhrif á nær öll önnur verkefni bæði ríkis og sveitarfélaga ásamt því að sameiningar sveitarfélaga og komandi sveitarstjórnarkosningar gera það að verkum að erfitt er að vinna að svo umfangsmiklum breytingum á stjórnarsýslu sveitarfélaga í barnaverndarmálum á þeim takmarkaða tíma sem til umræða er. Þá kom einnig í ljós þegar umfang mála hjá umdæmisráðum barnaverndar var skoðað að líklega er skynsamlegast að það verði ekki nema 2-3 umdæmisráð á landinu öllu. Eðli málsins samkvæmt krefst það samvinnu fjölmargra sveitarfélaga um allt land sem kallar á lengri undirbúning og mikla samvinnu.



Þessi staða var rædd á fundi fulltrúa sambandsins og ráðuneytisins 16. febrúar sl. Á þeim fundi greindu fulltrúar sambandsins frá þeirri vinnu sem sérfræðingar sambandsins hafa unnið í samstarfi við sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins, sem hefur skýrt myndina töluvert. Á fundinum kom fram mikill samhljómur um mikilvægi þess að stjórnýsla barnaverndar í landinu gangi snurðulaust fyrir sig. Til þess að markmið lagabreytinga gangi eftir þarf að veita meira svigrúm til innleiðingar en gert var ráð fyrir við samþykkt laganna. Af þeim sökum er lagt til að gildistöku breytinganna verði frestað að lágmarki til 1. október 2022 og helst til næstu áramóta. Samhliða er gert ráð fyrir því að stofnaður verði innleiðingarhópur með fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytis, Barna- og fjölskyldustofu og Sambands Íslenskra sveitarfélaga sem markvisst mun vinna að innleiðingunni. Með því móti ætti að takast að ljúka innleiðingu stjórnýslubreytinga í öllum sveitarfélögum.

Ef fallist verður á þetta erindi þarf jafnframt að gera ráð fyrir að starfandi barnaverndarnefndir haldi umboði sínu þar til breytingarnar taka gildi, án þess að skipa þurfi nýjar nefndir að loknum sveitarstjórnarkosningum til tiltölulega skamms tíma. Einnig þarf þó að gera ráð fyrir því að félagsmála/velferðarnefndir sem skipaðar verða eftir sveitarstjórnarkosningar og fara jafnframt með verkefni barnaverndarmála hafi heimildir til að sinna barnaverndarhlutverki sínu þar til lagabreytingin tekur gildi.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri